

AUGLÝSING

um (5.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 852/2023, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024, staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Vopnafjarðarhreppur (vinnsluskylda óbundin staðsetningu).

Ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa á Vopnafirði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Vopnafjarðar til vinnslu á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 6. júní 2024.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Jón Þrándur Stefánsson.